

Sp.

365. Tillaga til þingsályktunar

[190. mál]

um breyting á lögum um sjúkrahús.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Birgir Finnsson, Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa breyting á lögum nr. 93 frá 31. des. 1953, um sjúkrahús, þess efnis, að ríkisstyrkur samkvæmt lögnum verði hækkaður. Við það sé miðað, að styrkurinn ásamt þeim daggjöldum, sem sjúkrahúsunum er leyft að taka, nægi til þess, að unnt sé að veita þá þjónustu, sem til er ætlað, án verulegs rekstrarhalla. Undirbúningi sé hraðað svo, að tillögurnar verði tilbúnar næsta haust.

G r e i n a r g e r ð.

Sjúkrahús þau, sem hér er átt við, hafa lengi búið við þröngan fjárhag. Þeim hefur ekki verið leyft að hækka daggjöld sín, svo að nægði til nauðsynlegra útgjalda, og hefur hallinn á rekstri þeirra því farið vaxandi. Hér er farið fram á, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta haust undirbúa breyting á lögákveðnum styrk til þessara sjúkrahúsa, svo að unnt sé að reka þau hallalaust án þess að draga úr nauðsynlegri þjónustu.

Nánar í framsögu.